

Kennsluáætlun 2016 - 2017

Námsgrein: Hönnun og smíði mósaík fyrir 9. Bekk.

Áfangalýsing

Í þessum áfanga læra nemendur að búa til mósaík nytjahluti og hvernig hægt er að nota í mósaík mismunandi efni s.s. litað gler, flísar, gamalt leirtau og skeljar svo dæmi sé tekið. Nemendur læra að nota réttar vinnuaðferðir við að brjóta niður flísar, klippa gler, líma og fúga.

Mikilvægt er að halda öllum gögnum vel saman svo sem myndum og öðru sem nemendur hafa stuðst við.

Nemendur geta leitað sér upplýsinga á netinu eða á bókasafni skólans. Gott er ef nemendur geta komið með gamalt leirtau, flísaafganga eða annað sem getur nýst þeim. Einnig má benda á að hægt er að leggja mósaík á gömul borð og aðra sambærilega hluti og við það öðlast þeir nýtt líf. Möguleikarnir eru því óþrjótandi og ráðast yfirleitt af efnisvali og smekk hvers og eins.

Takmörk eru fyrir stærð og kostnaði við hvert verkefni.

Dæmi um verkefni eru speglar, myndverk og lítil ljósker fyrir sprittkerti.

Leitast er við að nemendur geti nýtt sér þá verkunnáttu sem þeir ráða yfir til að hanna og skapa nytjahluti.

Nemendur í 9. bekk eru í hringekju (fimm lotur) í list og verkgreinum og eru u.þ.b 9 vikur á hverri stöð.

Kennsluáætlunin endurtekur sig fyrir allar lotur í mósaík.

Kennslulotur:

Önnur lota frá 10. október til 27. nóvember

Þriðja lota frá 1. desember til 20. Janúar.

Fjórða lota frá 3. febrúar til 24. mars.

Tímabil	Markmið	Verkefni	Verklýsing	Efni
Ágúst				
Tímabil	Markmið	Verkefni	Verklýsing	Efni
Septembe				

Tímabil	Markmið	Verkefni	Verklýsing	Efni
Október	Að nemendur læri að nota réttar vinnuaðferðir við að brjóta niður flísar, klippa gler, líma og fúga.	Spegill Lítið ljósker Aukaverkefni sem taka mið af áhuga og getu nemenda.	Nemendur læra að nota réttar vinnuaðferðir við að brjóta niður flísar, klippa gler, líma og fúga. Mikilvægt er að halda öllum gögnum vel saman svo sem myndum og öðru sem nemendur hafa stuðst við.	Hægt er að nota í mósaík mismunandi efni s.s. litað gler, flísar, gamalt leirtau og skeljar svo dæmi sé tekið. Trélím. Flísafúga (hægt er að velja mismunandi liti).
Nóvember	Að nemendur læri að nota réttar vinnuaðferðir við að brjóta niður flísar, klippa gler, líma og fúga.	Spegill Lítið ljósker Aukaverkefni sem taka mið af áhuga og getu nemenda.	Nemendur læra að nota réttar vinnuaðferðir við að brjóta niður flísar, klippa gler, líma og fúga. Mikilvægt er að halda öllum gögnum vel saman svo sem myndum og öðru sem nemendur hafa stuðst við.	Hægt er að nota í mósaík mismunandi efni s.s. litað gler, flísar, gamalt leirtau og skeljar svo dæmi sé tekið. Trélím. Flísafúga (hægt er að velja mismunandi liti).
Desember				
Tímabil	Markmið	Verkefni	Verklýsing	Efni
janúar				
Febrúar				
Mars				

Apríl				
Mái				

Námsmat

Námsmat eftir nýrri aðalnámskrá fyrir mósaík er enn í vinnslu.

Kennsluhættir

Algengast er þegar byrjað er á nýju verkefni eða þegar nýtt verkfæri eða vinnuaðferð er tekin fyrir, þá sé sýnikennsla notuð. Verklegr æfing er stundum notuð í framhaldi af sýnikennslu til að þjálfa nemendur í að beita verfærum rétt og til að nemendur tileinki sér rétt vinnubrögð. Þegar nemendur eru byrjaðir á sínum verkefnum þá fær hver nemandi leiðsögn eftir þörfum.

Kennari, netfang

Gunnlaugur Jóhannsson, gulli@akmennt.is